

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um rafkerfi á Suðurnesjum.

Frá Birgi Þórarinssyni.

1. Hver er staðan á spennubreytingum úr 3x230V í 3x400V til heimila, stofnana og fyrirtækja á Suðurnesjum? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum og því í hversu mörgum húsum kerfinu hefur verið breytt og hversu mörg bíða breytinga.
2. Hvaða áætlanir liggja fyrir um hvenær þessum breytingum verði lokið í öllum húsum á Suðurnesjum?
3. Hvaða áhrif hefur skyndileg aukin notkun raforku, t.d. vegna notkunar hitablásara, á heimili, stofnun eða fyrirtæki sem er tengt eldra spennukerfi, 3x230V?
4. Hversu margir notendur hafa 2x230V eða 3x230V tengt inn á heimili sitt eða stofnun í hverju sveitarfélagi á Suðurnesjum?

Skriflegt svar óskast.